



Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir

Þáttökurannsókn á tómstunda- starfi fyrir 10 til 12 ára börn Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi

► Um höfunda ► Efnisorð

Greinin er byggð á þáttökustarfendarrannsókn (e. *participatory action research*) á þróunarverkefninu *Gaman-saman* sem hófst vorið 2009 í frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi. Hlutverk *Gaman-saman* er að bjóða upp á öflugt tómstundastarf og leiða saman börn með ólíkan bakgrunn, þar á meðal fötluð og ófötluð börn.

Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á þróun tómstundastarfs fyrir margbreytilegan hóp 10–12 ára barna. Meginhluti rannsóknarinnar var í formi hugmyndasmiðju þar sem um 40 börn og sex leiðbeinendur ásamt rannsakanda hittust reglulega á fjögurra vikna tímabili til þess að móta innihald og skipulag starfsins, kanna tækifæri og hindranir fyrir þáttöku og þróa leiðir til samvinnu.

Helstu niðurstöður voru þær að farsæl leið til að þróa starf með margbreytilegum hópum byggist á samvinnuferli sem felst í því að allir samstarfsaðilar taki virkan þátt, finni ný sjónarhorn og læri af ferlinu. Margbreytileiki barnahópsins reyndist ekki vera hindrun, heldur miklu fremur auka möguleika og tækifæri til að stuðla að þáttöku og virkni allra barna. Mikilvægustu þættirnir í þessu sambandi voru að skapað væri rými og tilgangur með samveru barnanna, áhugi barna og leiðbeinenda á starfinu og sveigjanleiki og hæfni leiðbeinenda til þess að sýna frumkvæði, bregðast við aðstæðum, takast á við hið óvænta og læra af reynslunni.

Mesti ávinningur af rannsókninni var þróun leiða til samvinnu en þær voru kynntar með *hagnýtu samvinnulíkani fyrir margbreytilega hópa*. Markmið með líkaninu er að geta nýtt niðurstöður rannsóknarinnar á ígrundaðan, markvissan og hagnýtan hátt og gert þær aðgengilegar fyrir aðra sem vinna með margbreytilegum hópum.

Participation-research on a leisure program for children age 10–12: Ways to create cooperation- and learning processes within a diverse group of children

► About the authors ► Key words

The research presented here was a participatory action research project in which the researcher guided the research process while examined his own

practices. The research is part of the developing project *Gaman-saman (Having fun together)*. The project started in 2009 at *Borpið (The village)* leisure center, which is located in the town of Akranes in Iceland. The role of the project is to offer meaningful leisure activities and lead children with diverse backgrounds, including disabled and non-disabled children, so they can explore human diversity and gain new perspectives.

The goal of the research was to create knowledge on the development of inclusive leisure programs for children aged 10–12 and also to gain a new perspective on the *Gaman-saman project* and give children and youth workers the opportunity to express their opinion and take active part in the development of the programme.

The main part of the study was conducted as an idea workshop, where 40 children and six youth workers met twice a week for four weeks to shape the content and organisation of the programme, explore opportunities and barriers for participation and develop ways of cooperation.

The main conclusion of the study is that developing inclusive programmes is successfully carried out through a cooperative process, where all cooperating partners take an active part, gain new perspectives and learn from the process.

The diversity of the group did not create barriers but on the contrary functioned as a creative incentive, enhancing the participation and activity of all children.

In the research it was possible to identify important factors for participation and cooperation in inclusive leisure programmes, such as creating space and purpose for children to be together; children's and youth workers' motivation for the programme and for flexibility and freedom; and the youth workers' abilities to show initiative, to react to situations, to deal with the unexpected and to learn from experience. The development of an inclusive environment is an experiential learning process that demands thinking out of the box, exploring new fields and confronting challenge. Youth workers have a key function in the process as facilitators.

The main benefit of the study was to develop ways for children and youth workers to cooperate. These ways were introduced in form of a *functional cooperation model for inclusive settings*. The cooperation model is based on the idea of a *cooperative triangle*, proposed by André Frank Zimpel (2014), which describes three components in cooperative processes: participation, change of perspective and learning. It was also inspired by cooperation methods used in the *Index for inclusion*, developed by Tony Booth and Mel Ainscow (2011). It is the purpose of the model to use the results of the research in a reflective, purposeful and functional way for further development, to make them accessible to others who are developing similar programmes. The model is being used and tested in the current program of *Borpið* leisure center. It is intended to use the experience and findings of that work to write a manual on implementation of the cooperative model. The authors believe that the model can be of benefit for all groups which intend to develop an inclusive environment.

The article is based on a MA-thesis written by Ruth Jörgensdóttir Rauterberg in social education at the University of Iceland under the supervision of Kolbrún Þ. Pálsdóttir, assistant professor at the School of Education. The title of the thesis is *“Everyone can take part. You just have to try.” Children and youth workers cooperating in developing an inclusive leisure program for ages 10–12.*

Inngangur

Þroskaþjálfar sem starfa á vettvangi tómsunda þurfa að glíma við það verkefni að þróa og skipuleggja tómsundastarf sem getur auðveldað öllum börnum og ungmennum fulla þátttöku í samfélaginu, einnig þeim börnum sem búa við skerðingar af einhverju tagi og eru talin hafa minni möguleika til þátttöku en önnur börn.

Pátttaka allra barna í tómstundum telst til mannréttinda. Þau mannréttindi eru skjalfest í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem Ísland á aðild að (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* 1989, 31. grein; *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* 2007, 30. grein). Innan tómstundafræða er viðurkennt að tómstundir séu vettvangur fyrir óformlegt nám á sviði félagslegrar og lýðræðislegrar pátttöku og virkni, mannréttinda, félagsfærni og þróunar sjálfsmýndar. Pátttaka í tómstundastarfi færi börnum og ungmennum þekkingu sem þau geti yfirfært á samfélagið (Council of Europe, 2006; Jeffs og Smith, 2005; Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2015; Voigts, 2013). Þar með séu tómstundir mikilvægur vettvangur í þróun samfélags þar sem allir meðlimir geti tekið virkan og fullan þátt á öllum sviðum þess, sér í lagi vegna þess að tómstundir bjóði upp á tilgang, rými og tíma fyrir samveru fólks með ólíkan bakgrunn og ólíkar þarfir og stuðli að jafnrétti og jöfnum tækifærum (Markowitz, 2008).

Rannsóknir sýna að mörg börn á Íslandi upplifa einmanaleika, félagslega einangrun og hindranir í tómstundastarfi (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2014). Þar að auki virðist vera mikil aðgreining fatlaðra og ófatlaðra barna í tómstundastarfi á Íslandi. Skipulagt tómstundastarf felst oftast í sérúrræðum og lítið er um rými þar sem fötluð og ófötluð börn geta varið frítíma sínum saman (Helga Jóhanna Stefánsdóttir, 2010; Kristjana Jokumsen, 2013; Rannveig Traustadóttir, 2008).

Þróunarverkefnið *Gaman-saman* varð til í Frístundamiðstöðinni Þorpinu á Akranesi sem leið til að verða við áskoruninni um pátttöku allra barna í tómstundum. Það sem gerir verkefnið sérstakt er að það þróaðist út frá tómstundastarfi sem var í fyrstu eingöngu ætlað fötluðum börnum. Frá upphafi voru markmið verkefnisins að stuðla að aukinni tómstundaiðkun allra barna, vinna gegn félagslegri einangrun, leiða saman börn með ólíkan bakgrunn, þar á meðal fötluð og ófötluð börn, og stuðla að auknum samskiptum þeirra. Reynslan af verkefninu leiddi svo til þeirrar rannsóknar¹ sem hér er lýst. Rannsóknin fékk snemma vinnuheitið „Rannsóknin Gaman-saman“ og verður það heiti notað hér eftir í greininni.

Markmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á þróun tómstundastarfs fyrir margbreytilega hópa með því að skoða og rannsaka *Gaman-saman-starfið*. Einnig að geta greint tækifæri og hindranir fyrir pátttöku allra barna, fengið nýja sýn á verkefnið og öðlast dýpri innsýn í hugarheim barnanna og upplifun þeirra á starfinu.

Mikilvægur bakgrunnur rannsóknarinnar er saga þróunarverkefnisins *Gaman-saman* og kenningar um mikilvægi *samvinnu* við þróun starfs fyrir margbreytilega hópa (Booth og Ainscow, 2011; Zimpel, 2014). Því var jafnframt ákveðið að nota aðferðir pátttöku-starfendarannsóknar, en slíkar aðferðir byggjast einmitt á samvinnu rannsakanda við þá hópa sem eiga mestra hagsmuna að gæta, hér börn og frístundaleiðbeinendur. Hér er greint frá þeim niðurstöðum sem snúa að tækifærum til pátttöku og samvinnuferlum í starfi með margbreytilegum hópum. Samvinnulíkan, sem þróað var á grundvelli rannsóknarinnar, er kynnt og sýnt fram á hvernig það getur nýst þroskaþjálfum og öðru fagfólki til að þróa umhverfi og starfshætti sem gera ráð fyrir margbreytileika og bjóða upp á tækifæri fyrir öll börn til pátttöku.

¹ Meistaraprófsrannsókn Ruthar Jörgensdóttur Rauterberg í þroskaþjálfrafræðum frá Háskóla Íslands sem unnin var undir leiðsögn Kolbrúnar Þ. Pálsdóttur, lektors við Menntavísindasvið. Rannsóknin ber heitið: „Allir geta tekið þátt. Málið er bara að prófa.“ *Samvinna barna og frístundaleiðbeinenda við þróun tómstundastarfs með margbreytilegan hóp 10–12 ára barna*.

Tómstundastarf fyrir margbreytilega hópa

Rannsóknin *Gaman-saman* beindist að því að þróa tómstundastarf fyrir öll börn. Þegar hér er talað um *tómstundastarf* er átt við starf sem er skipulagt af viðurkenndum aðilum og hópur einstaklinga hefur valfrjálstan aðgang að. Starfið felst í skipulögðum athöfnum sem koma til móts við áhuga hópsins og hafa í för með sér ánægju og jákvæð áhrif fyrir þá sem kjósa að taka þátt í því. Skilyrði er að tómstundir séu byggðar á frjálsum vali (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2010).

Þegar talað er um *margbreytilegan hóp barna* er átt við að í barnahópnum séu börn sem hafa ólíkan bakgrunn, búa við ólíkar aðstæður og þurfa að takast á við ólíkar áskoranir í lífinu vegna fötlunar, uppruna eða annars. Tómstundastarf fyrir margbreytilega barnahópa þarf því að koma til móts við fjölbreytilegar þarfir allra barna. *Öll börn* þýðir börn af báðum kynjum, fötluð og ófötluð, af ólíkum uppruna, með fjölbreytilegan bakgrunn, sem tilheyra bæði minni- og meirihlutahópum og ólíkum stéttum í samfélaginu. Börn hafa fjölbreytt áhugamál og hæfileika og velja ólíkar og fjölbreyttar leiðir til samskipta og tjáningar (UNESCO, 2009).

Mikilvæg hugtök

Mikilvægt er að skýra notkun á nokkrum grundvallarhugtökum sem mótuðu rannsóknina sem hér er kynnt og varða tómstundastarf fyrir margbreytilega hópa.

Margbreytileiki (e. *diversity*) hefur verið skilgreindur þannig að hann taki til allra hugsanlegra möguleika þess hversu ólíkir einstaklingar geta verið, bæði í sjón og að öllu öðru leyti. Þar er átt við kyn, aldur, bakgrunn uppruna, kynþátt, líkamlegt og vitsmunalegt atgervi, persónuleika og lífsstíl (Kandola og Fullerton, 1998). Einnig hefur verið notuð líkingin félagsleg mósaík af öllum blæbrigðum mannlegs lífs (Anderson, 2014). Í samfélagi fyrir alla er horft á margbreytileika mannlífsins á jákvæðan hátt. Viðurkennt er að hópar séu misleitir og að fulltrúar ólíkra hópa geti átt meira sameiginlegt en fulltrúar sama hópsins (Hinz, 2008). Kjarni hugmyndafræðinnar um *eitt samfélag fyrir alla* er fólgin í því að virða hæfileika, styrkleika og framlag allra meðlima þess og veita þann sveigjanleika sem þarf til þess að hægt sé að koma til móts við fjölbreytilegar þarfir (Anderson, 2014; Booth og Ainscow, 2011; Hinz, 2008; Zimpel, 2014). Í þessari grein felst hugtakið margbreytileiki því í viðurkenningu á fjölbreytileika barnahópsins, og með því er áreittuð þörfin á tómstundastarfi fyrir öll börn, í stað þess að þróuð séu sértæk tilboð um tómstundastarf fyrir afmarkaða hópa.

Hugtökin *eitt samfélag fyrir alla*, *samfélag án aðgreiningar* og *samfélag margbreytileikans* eru íslenskar þýðingar á enska hugtakinu *inclusion* sem er dregið af sögninni *to include*. Hugtakið *inclusion* lýsir hugsjón um samfélag þar sem allir meðlimir njóta mannréttinda, jafnréttis og virðingar og hafa tækifæri til þátttöku á öllum sviðum þess á sínum forsendum (Hinz, 2008). Lýsingarorðið *inclusive* er nátengt hugtakinu. Það gefur til kynna að starfshættir, skólinn eða starfið einkennist af þeim grunnhugmyndum sem liggja að baki hugmyndinni um *inclusion*, eða eitt samfélag fyrir alla. Einnig vísar hugtakið til þess að í þróun samfélags fyrir alla felist virkt og gagnkvæmt ferli. Annars vegar merkir það að tilheyra samfélagi, *to be included*. Hins vegar er sú krafa að samfélagið taki og telji alla með, *to include*. Erfitt hefur reynst að þýða hugtakið *inclusion* yfir á íslensku. Opinber hugtakanotkun innan íslenska menntakerfisins er *menntun án aðgreiningar* (e. *inclusive education*) og *skóli án aðgreiningar* eða *skóli margbreytileikans* (e. *inclusive school*) (Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2015). Á sviði tómstunda hefur verið talað um *tómstundastarf fyrir alla* eða *tómstundastarf án aðgreiningar* (e. *inclusive leisure*). Í þessari grein er notað heitið *tómstundastarf fyrir margbreytilega hópa* til þess að leggja áherslu á að slíkt starf felist ekki einungis í því að vinna gegn mismunun og aðgreiningu heldur einnig í því að viðurkenna margbreytileikann sem eðlilegan hlut og nýta hann sem sóknarfæri

(Ferguson, 1995; Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Í samfélagi fyrir alla þarf að horfa á fötlun (e. *disability*) sem eðlilegan þátt í mannlegum fjölbreytileika. Í rannsókninni sem hér greinir frá var litið á fötlun frá félagslegu sjónarhorni, það er að fötlun sé félagslegt fyrirbæri og ekki sjálfgefin afleiðing þess að búa við skerðingu (e. *impairment*) (Goodley 2011; Rannveig Traustadóttir, 2003 og 2006). Félagssleg sýn á fötlun tengist mannréttindum, þar sem gerðar eru kröfur til stjórnvalda og samfélagsins um að uppræta þær hindranir sem fatlað fólk mætir (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir, 2013). Fatlað fólk á að njóta sömu mannréttinda og mannfrelsis og aðrir í samfélaginu. Gera þarf ráðstafanir til að tryggja fulla þátttöku, aðgengi, jöfn tækifæri og virkni fatlaðs fólks á öllum sviðum samfélagsins (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks* 2007, 3. grein). Því er það hlutverk allra meðlima samfélagsins að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðs fólks (Ástríður Stefánsdóttir, 2012).

Þetta þýðir að ef vel tekst til að skapa aðstæður innan tómstundastarfs sem einkennast af tækifærum til þátttöku og bjóða upp á viðeigandi umhverfi, án hindrana, þá þarf ekki að flokka börn í hópa og bjóða upp á sértæk tilboð. Í þessari rannsókn var lagt upp með þá grunnhugsun að fötluð börn jafnt sem ófötluð væru þátttakendur í þróun tómstundastarfsins og meðrannsakendur í því að finna út hvaða leiðir stuðluðu að þátttöku allra.

Bakgrunnur rannsóknarinnar

Þróunarverkefnið *Gaman-saman* hófst sem tilraunastarf innan Þorpsins árið 2009, þegar ákveðið var að breyta frístundaklúbbsi fyrir fötluð börn á aldrinum 10–12 ára í tómstundastarf fyrir öll börn á þeim aldri. Í ljós kom mikil þörf fyrir að bjóða upp á tómstundastarf fyrir þennan aldurshóp og hafði bæjarfélagið hug á því að efla þá þjónustu.

Starf frístundaklúbbsins í Þorpinu hófst á haustönn 2007 í kjölfar samkomulags Félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna (Velferðarráðuneytið, 2006). Markhópur klúbbsins var í upphafi fötluð börn í 5. til 10. bekk. Það varð mjög fljótlega eitt af aðalmarkmiðum frístundaklúbbsins að efla tengsl barnanna í klúbbum við jafnaldra þeirra utan klúbbsins.

Markmið með *Gaman-saman-verkefninu* voru frá upphafi að stuðla að aukinni tómstundaíðkun allra barna, vinna gegn félagslegri einangrun og stuðla að auknum samskiptum barna með ólíkan bakgrunn með skipulögðu tómstundastarfi. Sérstök áhersla var lögð á að ná til barna sem stóðu félagslega höllum fæti eða voru félagslega einangruð af einhverjum ástæðum. Enn fremur voru börn af erlendum uppruna hvött til þess að taka þátt í starfinu til að auka félagsleg samskipti þeirra við íslenskra jafnaldra.

Árin 2009–2013 fór *Gaman-saman-verkefnið* fram í formi fjölbreyttra námskeiða. Námskeiðastarfið fór fram einu sinni til þrisvar sinnum í viku í fjórar til átta vikur í senn. Námskeiðin voru ávallt skilgreind sem hluti af starfi frístundaklúbbsins og fóru fram á starfstíma hans. Þess má geta hér að frá haustönn 2014 hefur allt tómstundastarf Þorpsins fyrir 10–12 ára aldurinn farið fram undir nafninu *Gaman-saman*. Frístundaklúbburinn er ekki lengur til sem sértækt tilboð fyrir fötluð börn heldur er allt *Gaman-saman-starfið* ætlað margbreytilegum hópi barna.

Reynslan af starfinu árin 2009 til 2013 var góð. Mikill áhugi var á starfinu og þátttaka fór stigvaxandi. Þetta benti til þess að þörfin fyrir slíkt tómstundastarf einskorðaðist ekki við upphaflegan markhóp frístundaklúbbsins, heldur væri hún til staðar hjá mun fleiri börnum í sama aldurshópi á Akranesi. Á þessu fyrsta tímabili *Gaman-saman-starfsins* var það upplifun frístundaleiðbeinenda og skipuleggjanda að fjölbreytileikinn í barnahópnum ýtti


að öllu jöfnu undir sköpunarmátt, gleði, frumkvæði og samskipti hjá börnunum. Frá upphafi var ekki gert ráð fyrir sérstökum stuðningsfulltrúum fyrir börn með fötlunargreiningu, heldur var það verkefni allra leiðbeinenda að styðja öll börn til þátttöku. Í flestum tilfellum gerðist ekki þörf á því að veita börnum með fötlunargreiningu sérstakan stuðning. Þetta var samt ekki algilt og gat einnig farið þannig að börn drógu sig í hlé eða þurftu mikinn stuðning frá leiðbeinendum. Tímabært var orðið að kanna með skipulegum hætti hvornig starfsemi *Gaman-saman* þjónaði best tilgangi sínum og hvort breytinga væri þörf.

Samvinna í þróun starfs fyrir margbreytilega hópa

Rannsóknin *Gaman-saman* var mótuð á grunni tveggja kenninga um *samvinnu* sem meginforsendu þess að þróa starf fyrir margbreytilega hópa, annars vegar *samvinnuþríhyrningi* Zimpel (2014) og hins vegar *Vísi fyrir nám án aðgreiningar* (e. *Index for inclusion*) sem er sjálfsmats- og samvinnukerfi hannað af Booth og Ainscow (2011). Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir þessum tveimur kenningum.

Zimpel (2014) skoðar þróun eins samfélags fyrir alla (e. *inclusion*) út frá hugmyndum um samvinnu. Hann setur upp líkan af samvinnuþríhyrningnum (þ. *Das kooperative Dreieck*) til þess að kortleggja samvinnuferli. Hann lýsir þremur birtingarmyndum samvinnu: þátttöku (þ. *Teilhabe*), að finna ný sjónarhorn (þ. *Perspektivwechsel*), og námi, kennslu og upplýsingamiðlun (þ. *Unterricht*).

Zimpel (2014) segir að árangursrík þróun eins samfélags fyrir alla sé háð samvirkni þessara þriggja birtingarmynda samvinnu. Hann lýsir samvinnu sem virku ferli þar sem allir samstarfsaðilar taki þátt og leggi eitthvað til málanna. Með þátttöku tileinka þeir sér nýja þekkingu og færni en til þess að geta það verði allir samstarfsaðilar að vera tilbúnir til þess að setja sig í spor hvers annars og tileinka sér nýja sýn. Samvinnuferlið geri það að verkum að allir samstarfsaðilar öðlist sífellt meiri færni í öllum þáttum samvinnunnar. Þeir tileinki sér sífellt meiri víðsýni, samkennd og getu til að setja sig í spor annarra. Síðast en ekki síst kynnist þeir samvinnuferlinu stöðugt betur og það verður þar af leiðandi árangursríkara eftir því sem á líður. *Mynd 1* sýnir þessa samvirkni á myndrænan hátt.



Mynd 1: Samvinnuþríhyrningurinn (þýtt og staðfært eftir Zimpel, 2014, bls. 20).

Ferli samvinnuþríhyrningsins er námsferli og á margt sameiginlegt með hugmyndum um reynslunám (e. *experiential learning*). Reynslunám felur í sér að ný þekking verður til með ígrundun á reynslu og upplifunum. Það er hluti af reynslunámi að gera tilraunir og prófa nýja hluti en það er grundvallaratriði að eftir hverja upplifun eða reynslu (e. *action*) sé rými og tími til ígrundunar (e. *reflection*) (Beard og Wilson, 2002). Dewey telur að þekking og færni sem einstaklingar tileinka sér við ákveðnar aðstæður verði að tæki eða verkfæri til að skilja og fást á árangursríkan hátt við aðrar aðstæður sem upp koma síðar

(Dewey, 2000). Hann leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að ólíkir hópar samfélagsins umgangist hverjir aðra, eigi samskipti og læri hver af öðrum. Þannig öðlist einstaklingar skilning á fólki sem lifir við aðrar aðstæður en þeir sjálfir (Dewey, 1966). Samvinnu-þríhyrningurinn sýnir fram á mögulega leið til að nýta þátttöku í margbreytilegum hópi sem tækifæri til náms, til að læra að lifa, starfa og taka þátt í margbreytilegu samfélagi (Zimpel, 2014).

Þó að gildin og markmiðin sem stefnt er að séu ljós, þá virðist það vera flókið fyrir stofnanir að tileinka sér menningu margbreytileikans. Booth og Ainscow (2011) þróðu sjálfsmats- og samvinnukerfi sem skólar geta notað til þess að staðsetja sig í þróunarferlinu í átt að skóla án aðgreiningar. Hér er um að ræða *Vísi fyrir nám án aðgreiningar* (e. *Index for inclusion*) sem kom fyrst út í Bretlandi árið 2000 en hefur verið þýddur og staðfærður á 37 tungumál (Booth og Ainscow, 2011; Kyriazopoulou og Weber, 2009).

Vísirinn lýsir þróun eins samfélags fyrir alla sem stöðugu ferli þar sem þátttaka fólks er efld og unnið gegn aðgreiningu með því að breyta aðstæðum í umhverfinu og raungera þau gildi sem einkenna eitt samfélag fyrir alla: jafnræði, réttlæti, þátttöku, nám, samfélag, viðurkenningu margbreytileikans, traust, sjálfbærni, samkennd, hreinskilni, hugrekki og gleði. Ferli *Vísisins* felst í að greina viðhorf og gildi innan tiltekins skóla, greina tækifæri og hindranir fyrir þátttöku allra barna, stuðla að vitundarvakningu og viðhorfsbreytingum í garð margbreytileikans, virkja þær auðlindir og úrræði sem þegar eru fyrir hendi og þróa nýjar leiðir í námi og samvinnu. Megináhersla er lögð á að nýta sameinaða krafta barna og fullorðinna til þess að hrinda af stað framkvæmdum með fyrrgreind gildi að leiðarljósi (Booth, 2008; Booth og Ainscow, 2011).

Samvinnuferli *Vísisins* svipar þar með til aðferða þátttöku-starfendarannsóknar. Það voru grunnhugmyndir að baki *Vísisins* sem leiddu rannsakanda áfram í leitinni að viðeigandi aðferð við rannsóknina *Gaman-saman*.

Aðferðafræði

Rannsóknin *Gaman-saman* byggist á hugmyndum nýrrar félagsfræði barnæskunnar um að börn séu félagslega virkir gerendur sem hafi áhrif á eigið líf, samfélag og umhverfi, séu fær um að lýsa sínum eigin heimi og skilja hann og séu dómbær á eigin aðstæður (Fraser, 2004). Þessar hugmyndir tengjast ákvæðum í *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*, en þar er skilgreindur réttur barna til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif í öllum málum sem þau varða (*Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* 2007, 12. grein).

Grunnhugmyndin í rannsókninni var að bjóða börnum að taka þátt í *Gaman-saman-verkefninu*, en gera þau um leið að samstarfsaðilum og meðrannsakendum í starfendarannsókn. Það var markmið rannsóknarinnar að meta og þróa *Gaman-saman*-starfið og leita svara við spurningunni um það hvernig slíkt tómstundastarf geti komið til móts við fjölbreytilegar þarfir margbreytilegs barnahóps. Í þeirri meginspurningu rannsóknarinnar fólust þrjár undirspurningar sem beindust að skipulagi og uppbyggingu starfsins, tækifærum og hindrunum fyrir þátttöku og sköpun samvinnuvettvangs.

Aðferðir þátttöku-starfendarannsóknar (e. *participatory action research*), hér eftir PAR-rannsóknir, hentuðu vel þessu markmiði þar sem þær byggjast á samvinnu og þátttöku og eru að öllu jöfnu unnar í samstarfi við helstu hagsmunahópana. Því eru þær gjarnan notaðar í þróunarstarfi (Kendon, Pain og Kesby, 2007a; Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson, 2013; Langhout og Thomas, 2010).

PAR-rannsóknir byggjast á sömu grundvallarþáttum samvinnu og skilgreindir eru í kenningu um samvinnuþríhyrninginn: að taka þátt, að finna ný sjónarhorn og að læra af

ferlinu (Kendon, Pain og Kesby, 2007b). Rannsóknaraðferðir eru þróaðar í samvinnu allra þátttakenda (Kendon o.fl., 2007a; Langhout og Thomas, 2010). Rannsakandinn er sjálfur þátttakandi og oft er talað um hann sem leiðbeinanda (e. *facilitator*) (Nieuwenhuys, 2004). Þegar PAR-rannsóknir eru gerðar í samvinnu við börn geta þær veitt innsýn í menningu og heim barna og þar með boðið upp á mörg tækifæri til þess að afla þekkingar á málefnum sem varða hag þeirra (Kellet, 2010; Nieuwenhuys, 2004).

Í rannsókninni *Gaman-saman* varð tómstundastarfið *Gaman-saman* að verkefni í starfendarannsókn. Starfsaðferðir innan tómstundastarfsins, eins og klúbbastarf, leikir og sköpunarverkefni, urðu að rannsóknaraðferðum. Þátttakendur skoðuðu og ígrunduðu aðferðirnar jafnóðum, prófuðu sig áfram með nýjar aðferðir, söfnuðu gögnum um framkvæmd þeirra og unnu svo úr þeim í samvinnu.

Þátttakendur

Í rannsókninni *Gaman-saman* var mikilvægt að þátttakendahópurinn endurspegladi margbreytileika hópsins sem starfið var ætlað. Verkefnið var kynnt í öllum 5., 6. og 7. bekkjum í báðum grunnskólunum á Akranesi og því gafst öllum börnum á aldrinum 10–12 ára jafn kostur á að taka þátt. Börnin sem voru þegar skráð í frístundaklúbbinn á þeim tíma voru sérstaklega hvött til þátttöku. Haldinn var kynningarfundur þar sem rúmlega 70 börn mættu, um 60 börn skráðu sig til þátttöku en síðan voru það 40 börn sem mættu reglulega. Öll átta börnin sem voru í frístundaklúbbnum á þeim tíma samþykktu þátttöku. Þau voru flest með fötlunargreiningar og var þar um að ræða greiningar á einhverfurófi og/eða greiningar á þroskahömlun. Meðal þeirra barna sem komu til að taka þátt í rannsókninni en voru ekki skráð í frístundaklúbbinn voru líka nokkur börn með fötlunargreiningu, flest þeirra voru á einhverfurófi en örfá voru með skerta heyrn eða sjón. Meðal þátttakenda voru líka nokkur börn af erlendum uppruna og var bæði um að ræða innflytjendabörn sem komu með foreldrum sínum til Íslands og börn innflytjenda fædd á Íslandi. Aldursskiptingin í barnahópnum var jöfn og einnig skiptist hann jafnt milli grunnskólanna tveggja á Akranesi. Til að gæta trúnaðar við þátttakendur eru ekki gefnar upp ítarlegri upplýsingar um börnin. Mikilvægt er að virða friðhelgi einkalífs og virða rétt þátttakenda til að samþykkja eða hafna þátttöku í rannsókn af þessum toga (Ástríður Stefánsdóttir, 2013). Allir þátttakendur fengu ítarlega og myndræna kynningu á rannsókninni til þess að tryggja upplýst samþykki. Einnig voru foreldrar beðnir að samþykkja þátttöku barna sinna. Börnin máttu hætta við þátttöku eða draga sig í hlé hvenær sem var í rannsóknarferlinu.

Leiðbeinendahópurinn var samansettur af sex starfsmönnum Þorpsins sem unnu á þeim tíma með frístundaklúbbnum, tveimur utanaðkomandi leiðbeinendum sem voru sérstaklega fengnir fyrir þetta verkefni og tveimur sjálfboðaliðum frá Skagastöðum, sem er stuðningsúrræði fyrir ungt fólk í atvinnuleit á Akranesi. Myndaður var stýrihópur sem hafði það hlutverk að halda utan um skipulag rannsóknarinnar, gagnasöfnun og gagnagreiningu. Í stýrihópnum voru, ásamt rannsakanda, þrjú starfsmenn Þorpsins og tveir utanaðkomandi leiðbeinendur. Rannsakandi var í leiðbeinendahópnum og tók sem slíkur þátt í hugmyndasmiðjunni. Hann fékk þar með tækifæri til að rýna í eigið starf og starfshætti.

Framkvæmd rannsóknarinnar

Framkvæmd rannsóknarinnar *Gaman-saman* hófst í september 2013 og lauk í febrúar 2014. Úrvinnslan stóð fram á vorönn 2015. Megin gagnasöfnun fór fram í formi hugmyndasmiðu, þar sem þátttakendur hittust reglulega á fjögurra vikna tímabili, tvisvar í viku frá kl. 14.30 til 16.00, alls átta sinnum. Gagnagreiningin fór fram í svokallaðri rannsóknarsmiðu í janúar og febrúar 2014, og var unnin að hluta í samvinnu þátttakenda og rannsakanda.

Í hugmyndasmiðjunni voru notaðar fjölbreyttar rannsóknaraðferðir. Sumar þeirra höfðu verið ákveðnar áður en hugmyndasmiðjan byrjaði en aðrar voru þróaðar meðan á henni stóð. Þar má nefna skapandi aðferðir, leiklist, myndlist, ljósmyndatöku, vefsíðugerð, virkt klúbbastarf og önnur samvinnuverkefni sem stuðluðu að upplifun og söfnun reynslu. Til þess að stuðla að ígrundun voru nýttar aðferðir eins og hópumræður, einstaklingssamtöl og skilaboðakassi. Meðal aðferða var það að börnin fengu að prófa að nota hjólastól, setja á sig augnbindi, nota blindrastaf og spila blindraspil. Þau verkefni voru kölluð *upplifunarverkefni*. Slík verkefni hafa yfirleitt verið notuð í þeim tilgangi að ófatlað fólk átti sig betur á aðstæðum fatlaðs fólks og þeim hindrunum sem það mætir í daglegu lífi (Saerberg, 2007). Rannsakanda fullkunnugt um að slík eftirlíkingarverkefni (e. *disability simulation*) hafa verið gagnrýnd, einkum af fötluðu fólki. Helsta gagnrýnin snýr að því að ekki sé hægt að líkja eftir reynslu af fötlun, að verkefni gefi villandi upplýsingar, sem leiði svo til mistúlkana, staðalímynda og vanmats á raunverulega getu og hæfni fatlaðs fólks (French, 1992). Í verkefninu *Gaman-saman* var meðal markmiða að leiða saman börn með ólíkan bakgrunn, þar á meðal fötluð og ófötluð börn, og stuðla að samskiptum þeirra á milli. Upplifunarverkefni voru leið til þess og telur rannsakandi reynsluna af þeim hafa verið jákvæða og gagnlega fyrir rannsóknina (sjá nánar, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, 2015).

Í hugmyndasmiðjunni varð til mikið af fjölbreyttum gögnum, bæði í formi texta og mynda, en stór hluti gagnanna var verk barnanna. Þar má nefna ljósmyndir, veggspjöld, myndlistarverk, fjölda svarmiða úr skilaboðakassanum, upptökur af leikritum og fleira. Einnig voru þarna viðtöl sem börnin tóku hvert við annað, glósur leiðbeinenda eftir klúbbastarf, samtöl við börn eða hópumræður, fundargerðir eftir fundi leiðbeinenda, dagbók rannsakanda og fleira. Það var vandasamt að flokka og greina gögnin. Í rannsóknarsmiðjunni var því brugðið á það ráð að setja öll gögnin upp á vegg í tímaröð. Til að flokka þau var notað litakerfi, þar sem rannsóknarspurningarnar þrjár um hugmyndir þátttakenda um skipulag og innihald starfsins, tækifæri og hindranir fyrir þátttöku og sköpun samvinnuettvangs fengu hver sinn lit. Gögnin voru síðan merkt og flokkuð með viðeigandi litum. Allir þátttakendur tóku virkan þátt í þeirri vinnu. Við greiningu gagnanna var óháður aðili, menntaður í fjölmiðla- og samskiptafræðum, beðinn að aðstoða við að skoða og flokka ljósmyndirnar sem teknar höfðu verið í hugmyndasmiðjunni. Rannsakandi hannaði flokkunarkerfi sem byggðist á þremur skrefum til að finna megináherslur þátttakenda og greina samvinnuferli sem áttu sér stað. Í fyrsta skrefi var hver aðferð skoðuð út frá rannsóknarspurningunum. Í öðru skrefi var leitað að megináherslum út frá sjónarhorni barnanna, leiðbeinenda, foreldra og annarra. Í þriðja skrefi var kannað hvaða aðferðir stuðluðu helst að samvinnu milli þátttakenda. Niðurstöður voru þá teknar saman til að svara meginspurningunni um það hvernig hægt væri að þróa tómstundastarf fyrir margbreytilegan hóp barna. Niðurstöður voru bornar undir þátttakendur nokkrum sinnum í ferlinu (sjá nánar, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, 2015).

Rannsóknarsmiðjan var sett upp í formi sýningar og var á tímabili opin almenningi. Þannig fengu foreldrar og aðrir áhugasamir tækifæri til þess að kynna sér rannsóknarstarfið og leggja sitt til málanna. Frekari úrvinnsla, sem var í höndum rannsakanda, hófst í mars 2014.

Lykilniðurstöður

Markmið rannsóknarinnar *Gaman-saman* var að afla þekkingar á þróun tómstundastarfs fyrir margbreytilega hópa og ákveðið var að skapa í því skyni samvinnuettvang fyrir börn og leiðbeinendur. Niðurstöður sýndu að í tómstundastarfi með margbreytilegum barnahópi felast mörg tækifæri til þátttöku og samvinnu. Samvinna þátttakenda í hugmyndasmiðjunni var lykilinn að því að skapa umhverfi sem fagnaði margbreytileikanum og kom til móts við fjölbreytilegar þarfir og áhuga barnanna.

Máttur margbreytileikans

Ein af helstu niðurstöðum rannsóknarinnar var sú að margbreytileiki barnahópsins var ekki til hindrunar, heldur skapaði hann miklu fremur aukna möguleika og tækifæri til að stuðla að þátttöku og virkni allra barna. Í hugmyndasmiðjunni virkaði margbreytileikinn í barnahópnum sem eldsneyti og skapaði vettvang sem gerði ólíkum börnum kleift að blómstra, nýta sína persónulegu hæfileika og láta ljós sitt skína. Leiðbeinendur töldu það bæði skemmtilegt og árangursríkt að vera með svo margbreytilegum barnahópi. Því fjölbreytilegri sem hópurinn var, þeim mun minni þörf var fyrir inngrip af þeirra hálfu og þeim mun betur gekk samvinnan á milli barnanna. Leiðbeinandi orðaði það þannig: „Þegar hópurinn fer að virka þá eru allir með, þá er enginn útundan.“

Ljósmyndir sýna hvernig börn aðstoðuðu önnur börn við að skrifa á svarmiða í könnunum og leiðbeindu hvert öðru við að leysa þrautirnar í upplifunarverkefnunum. Í klúbbastarfi upplifðu leiðbeinendur að börnin pössuðu upp á að allir fengju að vera með. Aðillinn sem aðstoðaði við flokkun og greiningu ljósmynda var spurður hvort hann gæti þekkt börnin með fötlunargreiningu á myndunum. Að hans mati var ekki hægt að sjá af myndunum að fötlunargreining, uppruni eða annað hefði haft hamlandi áhrif á þátttöku og engin leið að greina hvaða börn á myndunum voru með fötlun.

Það kom í ljós að börnin sýndu mikla hæfileika til að átta sig á þörfum hvert annars og finna lausnir. Þau aðstoðuðu hvert annað við ýmis verkefni, jafnvel frekar en að leita til leiðbeinenda. Börnin komu með ótalmargar hugmyndir um innihald starfsins og unnu saman að því að framkvæma þær. Fjölbreytnin í hópnum virtist hafa í för með sér fleiri hugmyndir, fleiri leiðir sem hægt var að fara, meiri samræður og víðtækari reynslu.

Þessi niðurstaða er í samræmi við kenningar um samvinnu í margbreytileika þar sem hann er skilgreindur sem knýjandi afl í árangursríku samvinnuferli (Anderson, 2014; Kandola og Fullerton, 1998). Rannsóknir sýna að það er einkenni margbreytilegra hópa að innan þeirra finnast ótal margir hæfileikar til að takast á við verkefni og leysa þau (e. *problem solving talents*) (Booth og Ainscow, 2011; Kandola og Fullerton, 1998; Page, 2007; Zimpel, 2014). Þegar skapa eigi árangursríkt teymi sé því best að velja saman fólk með ólíka hæfileika, ólík viðhorf og mismunandi vitsmunalega styrkleika. Það leiði til samvirkni, þar sem ólíkir hæfileikar og styrkleikar bæti hver annan upp og leiði til ólíkra lausna og nýsköpunar (Page, 2007).

Sameiginlegt markmið þátttakenda

Rannsóknin leiddi í ljós að tólmstundastarf fyrir margbreytilega hópa gaf samveru barnanna rými, tilgang og markmið, þar sem þau gátu kynnst fjölbreytileika mannlífsins og fundið ný sjónarhorn. Sameiginlegt markmið barnanna í starfinu var „að gera eitthvað skemmtilegt með öðrum“, eins og segir í óskabók sem eitt barnið bjó til. Í annarri bók segir að það sé „mikilvægt að hafa gaman öll saman.“ Á veggspjaldi gerðu af einu barnanna segir „Gaman er saman“, sem merkir að til þess að hafa gaman sé mikilvægt að vera saman. Veggspjaldið var afrakstur hópavinnu, þar sem unnið var út frá hugtökunum „gaman“ og „saman“. Þetta sameiginlega markmið barnanna stuðlaði að virkri og árangursríkri samvinnu þeirra á milli.

Rannsóknin bendir til þess að tólmstundastarf fyrir margbreytilega hópa geti stuðlað að auknum tengslum barna með ólíkan bakgrunn. Barn sem hafði mætt reglulega í frístunda-klúbbinn sagði í samtali við rannsakanda að sér þætti gaman að geta verið með fleiri börnum í *Gaman-saman*: „Það er gaman að hafa fleiri í *Gaman-saman*. Það er gaman að vera með vinum.“ Í því samhengi sýndi sig að börnin sem höfðu nýtt sér þjónustu frístundaklúbbsins og voru saman sem hópur nær daglega töluðu ekki um hvert annað sem „vini“ heldur frekar sem „krakkana sem eru með mér í Þorpinu“. Þegar þau töluðu um

„vini“ áttu þau yfirleitt við börn utan frístundaklúbbsins og því sáu þau *Gaman-saman* sem tækifæri til þess að vera með vinum og til þess að eignast vini.

Foreldrar sögðu í viðtali við rannsakanda að þeir fögnuðu margbreytileika barnahópsins í *Gaman-saman* og sáu hann sem tækifæri til að efla félagstengsl barna sinna. Samveran í hugmyndasmiðjunni leiddi til jákvæðra viðhorfa í garð margbreytileikans og gerði það að verkum að þátttakendur tókust á við hann með forvitni, jákvæðni og ákveðni að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna að barn, sem upplifði sig án vina og var einmana, fann upp svokallaðan „vinalaik“, hópleik sem aðstoðaði börnin við að kynnast og mynda tengsl. Þegar svo var farið í vinalaikinn gerðist það að börn sem voru hlédræg og út af fyrir sig í byrjun leiks enduðu sem virkir þátttakendur í leik með öðrum börnum, þar sem lífleg og gagnkvæm samskipti áttu sér stað. Þetta sást á ljósmyndum og kom einnig fram í athugunum leiðbeinenda.

Í margbreytilegum hópum, þar sem ólík sjónarhorn koma saman, er nauðsynlegt að meðlimir séu sammála um tilgang samvinnunnar. Sameiginlegt markmið, eins og það að hafa „gaman saman“, gerir það að verkum að einstaklingar innan hópsins nýta hæfileika sína og þekkingu til að finna lausnir út frá sínu sjónarhorni (Page, 2007). Því er mikilvægt að greina ekki börn með ólíkar þarfir hvert frá öðru, því þá eiga þau minni möguleika á að finna lausnir og öðlast færni í margbreytileikanum (Feyerer, 2013; Wehmeyer, Agran og Hughes, 1998; Zimpel, 2014). Í margbreytilegum samvinnuhópi geta ólík sjónarhorn samstarfsaðila virkað sem drifkraftur og leitt til árangurs. Þannig tókst í rannsókninni *Gaman-saman* að afla sameiginlegrar þekkingar á því hvernig best sé að nýta tækifæri til þátttöku og sigrast á hindrunum.

Að læra á margbreytileikann

Rannsóknin sýndi fram á mikilvægi þess að líta á þróun starfs fyrir margbreytilega hópa sem reynslunám þar sem allir þátttakendur læra að vera saman og vinna saman. Frístundaleiðbeinendur og börn fóru ótroðnar slóðir, tókust á við áskoranir og ígrunduðu eigin reynslu. Á úrvinnslufundi leiðbeinenda kom fram að þeir töldu að þeir ættu margt ólært um starf fyrir margbreytilega hópa og nauðsynlegt væri að öðlast þekkingu með reynslunámi. Þegar rætt var um það sem betur mætti fara sagði leiðbeinandi: „Það er erfitt að finna eitthvað sem gekk illa. Frekar horfa á þetta sem áskorun, þar sem við erum að læra.“

Börnunum gafst tækifæri til að öðlast sjálfsþekkingu og þróa sínar eigin leiðir til þátttöku auk þess að kynnast hvert öðru og læra á hvert annað. Þátttakan í hugmyndasmiðjunni skapaði sameiginlega upplifun og reynslu barnanna, þeim gafst tækifæri til að uppgötva það sem þau áttu sameiginlegt. Börnin öðluðust einnig mikilvæga reynslu í gegnum upplifunarverkefni. Sú reynsla breytti jafnvel viðhorfi þeirra til getu og möguleika fólks sem býr við skerðingu og þarf að takast á við aðrar áskoranir í daglegu lífi en þau sjálf. Eitt barn hafði orð á að það kæmi sér á óvart „hvað fólk sem er blint getur gert eins og við“. Börnin áttuðu sig einnig á ýmsum hindrunum í umhverfinu í Þorpinu. Sem dæmi má nefna að til þess að komast upp á sviðið inni í sal þurfti að fara upp tröppur og því gátu börnin í hjólastól ekki farið þangað. Það sýndi sig að börnin hugsuðu mjög lausnamiðað. Eitt barn sem prófaði að vera í hjólastól ákvað til dæmis að biðja barn með augnbindi að fara upp á sviðið til þess að ná í hlut fyrir sig og leiðbeindi barninu áfram með það verkefni. Tvö börn, annað sjáandi og hitt með augnbindi, ákváðu að nota hljóðmerki (klapp) til þess að sigrast á þrautabraut. Þau létu hindranir ekki stoppa sig heldur reyndu þau að prófa sig áfram og finna lausnir í samvinnu. Börnin voru beðin að svara nokkrum spurningum um reynsluna af verkefnum. Þau skrifuðu svörin á miða og settu í skila-boðakassa. Svar barns við spurningunni: „Geta öll börn tekið þátt í *Gaman-saman*?“ var: „Allir geta tekið þátt. Málið er bara að prófa.“

Þessi niðurstaða, að þróun starfs fyrir margbreytilega hópa sé reynslunám, er í takt við kenningar fræðimanna um að það þurfi að læra að lifa í einu samfélagi fyrir alla. Við þurfum öll að þróa færni til þess að geta tekið þátt og til þess að geta aðstoðað aðra við þátttöku (Zimpel, 2014). Í því samhengi hefur verið talað um fjölmenningsfærni (e. *multi-cultural competence*), fjölmenningslæsi (e. *multicultural literacy*) (Banks, 2007), þverþjóðlega hæfni (e. *transnational competence*) (Hanna Ragnarsdóttir, 2010) og færni í margbreytileika (e. *diversity competence*) (Kandola og Fullerton, 1998) eða einfaldlega félagsfærni (e. *social competence*) (Zimpel, 2014). Það er sameiginleg áhersla fræðimanna að sú færni lærist best með samveru ólíkra einstaklinga í margbreytilegu samfélagi (Booth og Ainscow, 2011; Kandola og Fullerton, 1998; Zimpel, 2014). Lítið er á margbreytileikann sem ögrun en um leið sem tækifæri til náms (Page, 2007) og hann þarf að nýta til þess að öðlast þekkingu á fjölbreyttum lausnum til að tryggja þátttöku allra (Kandola og Fullerton, 1998; Voigts, 2013; Zimpel, 2014).

Frístundaleiðbeinendur

Niðurstöður drógu skýrt fram hvernig frístundaleiðbeinendur gátu skapað tækifæri eða hindranir fyrir þátttöku barnanna. Þar skipti meginmáli hvernig þeir brugðust við aðstæðum og tókust á við áskoranir. Þeir þurftu að vera tilbúnir að fara ótroðnar slóðir, takast á við óreiðu og vera búnir undir það óvænta. Þeir upplifðu að margbreytilegir hópar gætu verið ófyrirsjáanlegir en um leið spennandi og skemmtilegir. Það var mikil áskorun að hvetja börn til þátttöku sem höfðu litla eða enga jákvæða reynslu af því að vera í hópi. Leiðbeinendur þurftu að gefa svigrúm auk þess að viðurkenna og sýna fram á að hægt væri að fara ólíkar leiðir að sama marki. Í starfi fyrir margbreytilega hópa skapa leiðbeinendur þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er til að öll börn með ólíka eiginleika og þarfir rúmist innan hans (Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Þeir þurfa að vera með opinn huga til að átta sig á þeim möguleikum sem eru fyrir hendi (Jeffs og Smith, 2005).

Reynslan af hugmyndasmiðjunni sýndi einnig að inngrip og aðstoð af hálfu leiðbeinenda gat hindrað börn í að aðstoða hvert annað og ráða sjálf fram úr verkefnum. Einnig gátu afskipti leiðbeinenda hindrað frjáls samskipti og frjálssa sköpun barnanna. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfestu þá reynslu úr *Gaman-saman-starfinu* áður en rannsóknin hófst að börn sem höfðu verið skilgreind með sérþarfir þurftu að öllu jöfnu ekki meiri aðstoð frá leiðbeinendum en önnur börn. Athyglisvert var að þörf fyrir stuðning og aðstoð gat jafnvel verið meiri hjá börnum sem voru ekki með skilgreindar sérþarfir. Það sýndi sig að það var mikilvægt að ákveða ekki stuðningsþörf fyrir börn fyrirfram eingöngu út frá greiningu á sérþörfum, heldur reyna að stuðla að tækifærum til þátttöku fyrir hvert barn, leita að mögulegum hindrunum og sigrast á þeim. Í því felst að gefa hverju barni tækifæri til þess að finna sína eigin leiðir og gefa hópnum tækifæri til þess að finna lausnir í samvinnu.

Þess má geta að í leiklistarverkefnum var mikilvægt að veita börnunum frelsi til sköpunar, hafa úthald og þol fyrir óreiðu og ágreiningi og vera tilbúinn að leiðbeina á réttum tímapunkti. Leiðbeinandi sagði á úrvinnslufundi að það væri „besti undirbúningurinn að vera undirbúinn undir það óvænta.“ Myndband var tekið upp á leiklistaræfingu, þar sem hópur sautján barna samdi og æfði leikrit á innan við klukkutíma. Hópstjórinn kom börnunum af stað en dró sig síðan í hlé. Upp kom sú staða að eitt barn átti erfitt með félagsleg samskipti, hegðun þess var yfirþyrmandi og pirraði hin börnin. Börnin ákváðu að biðja leiðbeinanda að hjálpa þeim að tala saman. Börnin gátu fundið lausn og leiðbeinandinn dró sig aftur í hlé. Barnið sem hlut átti að máli gat, þegar á hólminn var komið, lagt mikið til leikritsins.

Þannig staðfestu niðurstöður mikilvægi þess að leiðbeinandinn gefi svigrúm fyrir reynslunám barnanna með því að líta á sig sem aðstoðarmann, sem auðveldar hlutina (e. *facili-*

tator) og heldur beinum afskiptum í lágmarki. Leiðbeinendur búa til vettvang til náms með því að skapa aðstæður til að upplifa, safna reynslu og takast á við krefjandi verkefni (Jeffs og Smith, 2005; Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2014; Wolfe, 2014). Það er krefjandi verkefni að fóta sig í margbreytileikanum og börnin verða að fá tækifæri til að takast á við það sjálf og í samvinnu við önnur börn (Zimpel, 2014). Rannsóknir sýna að of mikill stuðningur fullorðinna getur hindrað þátttöku og eðlileg félagsleg samskipti og samvinnu barna, sérstaklega þegar sá stuðningur beinist eingöngu að vissum börnum þar sem hann getur orðið til þess að greina þau frá öðrum börnum (Hall og McGregor, 2000).

Líkan um samvinnu


Meginniðurstaða rannsóknarinnar var sú að *samvinna* væri lykilatriði í því að þróa tómstundastarf sem tæki mið af áhuga og þörfum allra barna. Í þessum kafla verður kynnt líkan sem þróað var út frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Líkanið fékk heitið *Samvinnulíkan fyrir margbreytilega hópa*. Við þróun samvinnulíkansins var samvinnuþríhyrningur Zimpel (2014) nýttur til þess að greina þá samvinnu sem átti sér stað í hugmyndasmiðjunni. Líkanið dregur fram alla þá ólíku þætti sem horfa þarf til þegar verið er að móta starf fyrir margbreytilega hópa.

Mynd 2 sýnir samvinnulíkanið. Samvinnuþríhyrningurinn er í efsta hluta líkansins og samvinnuþættirnir mynda lóðréttu dálkana í líkaninu: *Þátttaka*, *Sjónarhorn* og *Nám*. Í líkaninu er samvinnuþríhyrningurinn sýndur sem hringrás, þar sem allir þættir hans hafa gagnkvæm áhrif. Það sýnir einnig tengsl þríhyrningsins við ferli reynslunáms. Það er niðurstaða rannsóknarinnar *Gaman-saman* að tómstundastarf fyrir margbreytilega hópa gefur tækifæri til þess að virkja þetta samvinnu- og námsferli. Ferlið hefst á því að efla þátttöku allra samstarfsaðila. Haldið er áfram að ígrunda reynslu og upplifun á þátttökunni til að stuðla að því að börn og leiðbeinendur komi auga á ný sjónarhorn, viðhorf og gildismat. Þannig getur átt sér stað nám þar sem þátttakendur tileinka sér persónulega og sameiginlega færni til þess að takast á við áskoranir í margbreytilegu samfélagi.

Á vinstri öxl líkansins má sjá þau tækifæri í starfi fyrir margbreytilega hópa sem fundust í rannsókninni. Þar eru rakt eftirfarandi þættir sem helst voru taldir stuðla að þátttöku og samvinnu: margbreytileiki, áhugi, samvera, sveigjanleiki og leiðbeinendur. Margbreytileikinn er auðkenndur með mynd af lykli, þar sem hann gegnir lykilhlutverki í samvinnuferlinu. Í neðstu láréttu röðinni eru tilgreindar þær aðferðir sem reyndust vel til að vinna með hvern samvinnuþátt.

Á hægri öxl líkansins má sjá helstu áherslur varðandi skipulag og framkvæmd tómstundastarfs fyrir margbreytilega barnahópa. Líkanið sýnir einnig þau gildi sem verða til við árangursríka samvinnu og einkenna hugmyndafræði eins samfélags fyrir alla: samfélag, jafnræði, réttmæti, þátttaka, viðurkenning margbreytileikans, samkennd, gleði, heiðarleiki, traust, hugrekki, nám og sjálfbærni (Booth 2008; Booth og Ainscow, 2011). Allir þættir líkansins skarast að einhverju leyti en það er einmitt einkennandi fyrir samvinnuferlið að þættir þess eru samvinnnaðir og samvirkir (Zimpel, 2014).

Hægt er að lesa úr líkaninu bæði lárétt og lóðrétt. Til að skoða tækifærin og hvað þau fela í sér er lesið lárétt. Þá sést líka hvað þarf að hafa í huga varðandi skipulag starfsins til þess að nýta hvert tækifæri sem best. Þegar einblínt er á samvinnuþætti er lesið lóðrétt. Þá sést hvernig hægt er að efla hvern samvinnuþátt með því að nýta tækifærin á vinstri öxl líkansins og hvaða samvinnuaðferðir reyndust best í þeim tilgangi. Áhersla er lögð á að hver samstarfshópur fyrir sig þurfi að vinna að þessu samvinnuferli og geti þurft að laga líkanið að sínum þörfum.



Mynd 2 – Samvinnulíkan fyrir margbreytilega hópa

Hlutverk fagfólks í samvinnuferlinu

Fagfólk er í lykilstöðu til að innleiða notkun samvinnulíkansins sem hér er lýst og nýta það í þróun starfs fyrir margbreytilega hópa. Hér verður sjónum sérstaklega beint að hlutverki fagfólks í samvinnuferlinu og dregin fram þeir þættir sem skipta lykilmáli til að stuðla að þátttöku og virkni allra. Í samvinnuferlinu sem líkanið lýsir getur *leiðbeinandi* bæði verið fagmenntaður eða ófagmenntaður og er hugtakið notað yfir alla þá sem hafa hlutverk leiðbeinanda. Í frístundamiðstöðvum og sambærilegum stofnunum skipa fagmenn oftast stjórnunarstöður og gegna því einnig hlutverki leiðbeinanda gagnvart starfsfólki sínu. Í

ábyrgð þeirra felst að sjá starfsfólkinu fyrir nauðsynlegri þjálfun og fræðslu um samfélag margbreytileikans, þar má nefna fræðslu um félagslega sýn á fötlun, mannréttindi og fleira.

Samvinnulíkanið var þróað út frá tómstundastarfi fyrir 10–12 ára börn en höfundar hafa trú á að það nýtist einnig á öðrum vettvangi þar sem unnið er með margbreytilegum hópum. Líkanið býður upp á möguleika til aðlögunar og frekari þróunar. Hægt er að nýta það sem umræðugrundvöll á starfsmannafundum og sem leiðarvísi til að ákveða markmið og leiðir að þeim. Með líkaninu er hægt að greina þær áherslur sem varða starf með margbreytilegum hópum og rýna markvisst í tiltekna þætti og meta þá. Fagfólkið fær þá það hlutverk að búa til spurningar út frá því starfi sem um ræðir hverju sinni og skoða þær með starfshópi sínum.

Til að lýsa þessu betur skal hér gefið dæmi um það hvernig leiðbeinendahópurinn í Þorpinu hefur unnið með líkanið að rannsókninni lokinni. Byrjað var á því að skoða tækifærin sem tilgreind eru í líkaninu og hvernig þau birtast í starfinu hverju sinni. Til að skoða, sem dæmi, hvort tækifærið *margbreytileiki* væri notað til að efla þátttöku var byrjað á því að skilgreina margbreytileikann í hópnum og spurt: „Þekkjum við börnin í hópnum? Þekkjum við styrkleika þeirra? Fá styrkleikar þeirra að njóta sín?“ Í framhaldi af því var fjallað um tækifærið *áhuga*: „Þekkjum við áhugamál barnanna?“ Höfum við kannað áhuga þeirra nógu vel? Hvernig er best að kanna áhuga þeirra?“ Til þess að svara spurningunum var leitað til barnanna sjálfra. Ákveðið var að leiðbeinendur myndu markvisst leita eftir að kynnst styrkleikum og áhugasviði þeirra sem best. Haldin var teiknikeppni um áhugamál og fundað með börnunum í litlum hópum. Uppástungur barnanna voru prófaðar sem klúbbastarfræðingur og endurmetnar í samtali barna og leiðbeinenda. Þannig var hægt að vinna með hvert tækifæri fyrir sig. Áhugavert var að vinna með tækifærið *sveigjanleika* af því að þá þurftu leiðbeinendur að fara í sjálfsskoðun: „Býður starfið upp á nógu mikinn sveigjanleika miðað við hópinn sem við erum með?“ „Erum við sem leiðbeinendur nógu sveigjanleg?“ „Þarf að breyta einhverju?“ Hvar á sveigjanleiki við og hvar ekki?“ Þessar hugleiðingar komu að góðu haldi þegar takast þurfti á við það að nokkur börn í hópnum sýndu krefjandi hegðun. Þessi dæmi sýna hvernig hægt er að vinna markvisst með líkanið, þar sem það setur rammann um vinnunna. Mikilvægt er að fagmaðurinn leiði þessa vinnu, haldi utan um hana og miðli reglulega upplýsingum til starfsmannahóps síns um árangur og framvindu. Til stendur að nota reynslu starfshópsins í Þorpinu til þess að semja handbók um notkun samvinnulíkansins.

Hlutverk þroskaþjálfara, tómstundafræðinga, sérkennara og annarra fagstétta breytist í starfi með margbreytilegum hópum. Þessar fagstéttir þurfa í auknum mæli að horfa á umhverfið og félagslega netið í kringum einstaklinga sem búa við skerðingu (Frühau, 2008; Lindmeier, 2008). Til þess að ná sem mestum árangri þarf fagfólk að vinna saman á þverfaglegan hátt og hvetja hvert annað áfram við að finna lausnir og deila reynslu sinni (Voigts, 2013). Oft er töluverður þekkingar- og reynslubanki til staðar en það skortir stundum á að deila honum og miðla svo að hann nýtist sem best (Booth og Ainscow, 2011). Í þróun starfs fyrir margbreytilega hópa er því mikilvægt að bæta samstarf starfsstétta og nýta krafta þverfaglegrar samvinnu. Þroskaþjálfarfræði eru byggð á breiðum þverfaglegum grunni (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007) og geta þroskaþjálfar því verið í lykilstöðu þegar finna þarf leiðir til að samræma áherslur ólíkra fagstétta. Siðareglur þroskaþjálfara kveða sérstaklega á um mikilvægi samvinnu við aðrar fagstéttir (Þroskaþjálfafélag Íslands, e.d.). Mikilvægt er að þroskaþjálfar starfi með kennurum, tómstundafræðingum og öðru fagfólki sem vinnur með margbreytilegum barnahópum. Sýnt hefur verið fram á að þverfagleg teymi, þar sem fólk með fjölbreytta þekkingu og ólík sjónarhorn kemur saman, vinna betur þegar tekist er á við flókin og margþætt verkefni (Hanna Ragnarsdóttir, 2010; Page, 2007;

Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir, 2010). Þróun starfs fyrir margbreytilega hópa er eitt slíkra verkefna.

Niðurlag

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að þróa öflugt tómskundastarf fyrir 10 til 12 ára börn óháð fötlun, kyni og þjóðerni. Niðurstaðan var sú að þróun tómskundastarfs fyrir margbreytilega hópa þurfi að byggjast á samvinnuferli sem einkennist af lýðræði og gagnkvæmri virðingu. Slík samvinna felst í því að allir samstarfsaðilar taki virkan þátt, uppgötví ný sjónarhorn og læri af ferlinu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að tómskundavettvangurinn býður upp á góð tækifæri til slíkrar samvinnu. Niðurstöðurnar benda einnig til þess að hver samstarfshópur þurfi að hefja sitt eigið samvinnuferli til að greiða fyrir þátttöku allra og stuðla þar með að vitundarvakningu, viðhorfsbreytingum og innleiðingu gilda eins samfélags fyrir alla. Þetta er mikilvægur lærdómur sem getur haft gildi fyrir alla þá sem vilja stuðla að starfi fyrir margbreytilega hópa, hvort heldur er innan formlega menntakerfisins eða á óformlegum vettvangi tómskunda- og félagsstarfs.

Eftir vinnu við rannsóknina *Gaman-saman* er það sannfæring rannsakenda að þátttaka í tómskundastarfi fyrir margbreytilega hópa geti búið börn og ungmenni undir það að takast á við krefjandi verkefni í samfélagi fyrir alla. Með virkri þátttöku og samvinnu kynnast börn grunnþáttum lýðræðislegs samfélags. Í tómskundastarfi gefst tækifæri til að skapa vettvang þar sem allir geta verið virkir þátttakendur og öðlast þar með sjálfstraust, sjálfsþekkingu og félagslega viðurkenningu. Leiðin að betri félagsfærni, auknum félagsstengslum og félagslegri þátttöku allra barna felst í því að skapa rými fyrir samveru barna með margbreytilegan bakgrunn, ólíkar þarfir og fjölbreytta hæfileika.

Samvinnulíkanið sem hér var kynnt mun nýtast til að þróa starf *Gaman-saman* enn frekar. Starf í frístundamiðstöðvum einkennist af því að þátttakendahópar og leiðbeinendahópar eru breytilegir. Það er því mikilvægt að hver hópur þurfi ekki að byrja frá grunni í samvinnuferlinu heldur geti nýtt sér þekkingu og reynslu fyrri hópa. Samvinnulíkanið er því hagnýt leið til að hjálpa framtíðarhópum í *Gaman-saman-starfinu* til að vinna saman á árangursríkan hátt og nýta til þess þekkinguna sem hefur áunnist með rannsókninni. Von höfunda er jafnframt sú að líkanið muni nýtast öðrum sem vilja halda áfram að þróa starf með margbreytilegum hópum og vera þeim hvatning til dáða.

Heimildir

Anderson, L. (2014). Leadership, diversity and inclusion. Í T. O'Connel, B. Cuthbertson, og T. Goins (ritstjórar), *Leadership in Recreation and Leisure Services*. Champaign, IL: Human Kinetics.

Ástríður Stefánsdóttir. (2012). Hvernig ber að skilja sjálfræði? *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/003.pdf>

Ástríður Stefánsdóttir. (2013, 31. desember). Eigindlegar rannsóknir og siðferðileg álitamál. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérriit 2013 – Rannsóknir skólustarf*. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/002.pdf

Banks, J. (2007). *Educating citizens in a multicultural society*. New York: Teacher's College Press.

Beard, C. og Wilson, J. (2002). *The power of experiential learning*. London: Kogan Page.

Booth, T. (2008). Ein internationaler Blick auf inklusive Bildung: Werte für alle? Í A. Hinz, I. Körner og U. Niehoff (ritstjórar), *Von der Integration zur Inklusion: Grundlagen – Perspektiven – Praxis* (bls. 53–73). Marburg: Lebenshilfe-Verlag.

Booth, T. og Ainscow, M. (2011). *Index for inclusion: developing earning and participation in schools*. Bristol: Centre for Studies on Inclusive Education.

Council of Europe. (2006). *Action Plan to promote the rights and full participation of people with disabilities in society: improving the quality of life of people with disabilities in Europe 2006–2015*. Sótt af http://www.coe.int/t/e/social_cohesion/soc-sp/Rec_2006_5%20Disability%20Action%20Plan.pdf

Dewey, J. (1966). *Democracy and education*. New York: The Free Press.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Feyerer, E. (2013). Pädagogische Diagnostik und Beurteilung als wesentliche Bestandteile einer inklusiven Pädagogik. Í S. Schwab, M. Gebhardt, E. Ederer-Fick og B. Gasteiger-Klicpera (ritstjórar), *Theorien, Konzepte und Anwendungsfelder der inklusiven Pädagogik* (bls. 69–82). Wien: Facultas.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaganna: Mat á yfirfærslu*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Ferguson, D.L. (1995). The real challenge of inclusion: Confessions of a 'rabid inclusionist' *Phi Delta Kappan*, 77(4), 43–49.

Fraser, S. (2004). Situating empirical research. Í S. Fraser, V. Lewis, S. Ding, M. Kellet og C. Robinson (ritstjórar), *Doing research with children and young people* (bls. 15–26). London: Sage.

French, S. (1992). Simulation exercises in disability awareness training: A critique. *Disability, Handicap and Society*, 7(3), 257–266.

Frühauf, T. (2008). Von der Integration zur Inklusion – ein Überblick. Í A. Hinz, I. Körner og U. Niehoff (ritstjórar), *Von der Integration zur Inklusion: Grundlagen – Perspektiven – Praxis* (bls. 11–32). Marburg: Lebenshilfe-Verlag.

Goodley, D. (2011). *Disability studies: an interdisciplinary introduction*. London: Sage.

Hall, L. og McGregor, J. (2000). A follow up study of the peer relationships of children with disabilities in an inclusive school. *The Journal of Special Education*, 34(3), 114–126.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar), *Fötlun og menning: Íslandssaga í öðru ljósi* (bls. 7–26). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.

Hanna Ragnarsdóttir. (2010, 31. desember). Fjölbreyttir kennarahópar og fjölbreyttir nemendahópar. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/012.pdf>

Helga Jóhanna Stefánsdóttir. (2010). *Daglegt líf fatlaðra barna: Fjölskylda, skóli og frístundir* (meistararitgerð). Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/6209>

Hinz, A. (2008). Inklusion - historische Entwicklungslinien und internationale Kontexte. Í A. Hinz, I. Körner og U. Niehoff (ritstjórar), *Von der Integration zur Inklusion: Grundlagen-Perspektiven-Praxis* (bls. 33–52). Marburg: Lebenshilfe-Verlag.

Jeffs, T. og Smith, M. (2005). *Informal education: Conversation, democracy and learning*. Nottingham: Educational Heretics Press.

Jóhanna Karlsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010, 31. desember). Hvernig látum við þúsund blóm blómstra? Skipulag og framkvæmd stefnu um skóla án aðgreiningar. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/016.pdf>

Kandola, R. og Fullerton, J. (1998). *Diversity in action: Managing the mosaic*. London: CIPD House.

Kellet, M. (2010). Small shoes, big steps! Empowering children as active researchers. *American Journal of Community Psychology*, 46(1–2), 195–203. Sótt af <http://link.springer.com/article/10.1007/s10464-010-9324-y>

Kindon, S., Pain, R. og Kesby, M. (2007a). Introduction: connecting people, participation and place. Í S. Kindon, R. Pain og M. Kesby (ritstjórar), *Participatory action research approaches and methods: Connecting people, participation and place* (bls. 1–6). London: Routledge.

Kindon, S., Pain, R. og Kesby, M. (2007b). Participatory action research: Origins, approaches and methods. Í S. Kindon, R. Pain og M. Kesby (ritstjórar), *Participatory action research approaches and methods: Connecting people, participation and place* (bls. 9–18). London: Routledge.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2014). The professional identity of recreation personnel. *Barn*, 32(3), 75–89.

Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2013). Starfenda- og þátttökurannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 347–359). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Kristjana Jokumsen. (2013). *Sitt hvor hliðin á sama teningnum* (meistararitgerð). Félagsvísindasvið, Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/14889>

Kyriazopoulou, M. og Weber, H. (. (2009). *Þróun vísbenda - fyrir nám án aðgreiningar í Evrópu*. Odense: Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

Langhout, R. og Thomas, E. (2010). Imagining participatory action research in collaboration with children: an introduction. *American Journal of Community Psychology*, 46(1–2), 60–66. Sótt af <http://link.springer.com/article/10.1007/s10464-010-9321-1>

Lindmeier, B. (2008). Entwicklungen der Community Care in internationaler Perspektive. Í A. Hinz, I. Körner og U. Niehoff (ritstjórar), *Von der Integration zur Inklusion: Grundlagen-Perspektiven-Praxis* (bls. 91–103). Marburg: Lebenshilfe Verlag.

Markowitz, R. (2008). Inklusion im Lebensbereich Freizeit durch Freizeitbildung und Freizeitassistenz. Í A. Hinz, I. Körner og U. Niehoff (ritstjórar), *Von der Integration zur Inklusion: Grundlagen-Perspektiven-Praxis* (bls. 201–217). Marburg: Lebenshilfe Verlag.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.

Nieuwenhuys, O. (2004). Participatory action research in the majority world. Í S. Fraser, V. Lewis, S. Ding, M. Kellet og C. Robinson (ritstjórar), *Doing research with children and young people* (bls. 206–221). London: Sage.

Page, S. (2007). *The difference: How the power of diversity creates better groups, firms, schools and societies*. Princeton: Princeton University Press.

Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 17–54). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir. (2006). Í nýjum fræðaheimi: upphaf fötlunarfræða og átök ólíkra hugmynda. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 13–36). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir. (2008). Rými, sjálf og samfélag í lífi fatlaðra barna. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls. 433–442). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg. (2015). „*Allir geta tekið þátt. Málið er bara að prófa*“: Samvinnu barna og frístundaleiðbeinenda við að prófa tómstundastarf með margbreytilegan hóp 10–12 ára barna (meistararitgerð). Menntavísindasvið, Háskóli Íslands. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23082>

Saerberg, S. (2007). The dining in the dark phenomenon. *Disability Studies Quarterly*, 27(3). Sótt af <http://dsq-sds.org/article/view/24/24>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins 1989.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 2007.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2015). *Starfsskrá frístundamiðstöðvar*. Reykjavík: Höfundur.

Sólveig Karvelsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir. (2010, 31. desember). Raddir kennara sem kenna fjölbreyttum nemendahópum. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/022.pdf>

Steingerður Ólafsdóttir, Sigrún Sif Jóelsdóttir, Lára Rún Sigurvinsdóttir, Dóra S. Bjarnason, Anna Kristín Sigurðardóttir og Kristín Erla Harðardóttir. (2015). *Skóli án aðgreiningar: Samantekt á lögum og fræðilegu efni*. (Samantekt og greining unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið). Menntavísindastofnun og Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar (RSÁA), Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=3657B18E995E00D700257E1900579ED6&action=openDocument>

UNESCO. (2009). *Policy guidelines on inclusion in education*. París: Höfundur.

Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010, 31. desember). Skilgreining á hugtakinu tómstundir. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2010*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>

Velferðarráðuneytið. (2006). *Samkomulag undirritað um lengda viðveru fatlaðra grunnskólubarna*. Reykjavík: Höfundur. Sótt af <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir/frettilkygningar/nr/3018>

Voigts, G. (2013). Partizipation von Kindern und Jugendlichen mit Behinderungen in der Kinder- und Jugendarbeit. *Teilhabe: Die Fachzeitschrift der Lebenshilfe*, 52(1), 18–25.

Wehmeyer, M., Agran, M. og Hughes, C. (1998). *Teaching self-determination to students with disabilities*. Baltimore: Paul H. Brookes.

Wolfe, B. (2014). Facilitating group experience. Í T. O'Connell, B. Cuthbertson og T. Goins (ritstjórar), *Leadership in recreation and leisure services*. Champaign, IL: Human Kinetics, Kindle Edition.

Zimpel, A. (2014). *Einander helfen: Der Weg zur inklusiven Lernkultur*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.

Þroskaþjálfafélag Íslands. (2007, 3. maí). *Starfskenning þroskaþjálfara*. Sótt af vefsetri Þroskaþjálfafélags Íslands: <http://www.throska.is/?c=webpage&id=63>

Þroskaþjálfafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur þroskaþjálfara*. Sótt af vefsetri Þroskaþjálfafélags Íslands: <http://throska.is/?c=webpage&id=42>

Um höfundu

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg (ruth@hi.is) er þroskaþjálfari og einnig aðjúnkt við Íþróttu-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild Háskóla Íslands. Ruth lauk bakkalárgráðu í þroskaþjálfun frá Kennaraháskóla Íslands árið 2003. Hún lauk meistarafráðu í þroskaþjálfarafræðum frá Háskóla Íslands árið 2015. Hún hóf starf sem þroskaþjálfari árið 2003. Frá árinu 2006 hefur hún starfað hjá Akraneskaupstað, bæði í grunnskóla og í tómstundastarfi. Hún hefur unnið með félagsfærni, sjálfsákvörðun, þátttaka og tómstundamenntun. Undanfarin ár hefur hún einbeitt sér að þróun tómstundastarfs með margbreytilega hópum.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) er lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk bakkalárprófi í heimspeki árið 1997, meistaranámi í uppeldis- og menntunarfræði árið 2001 og doktorsprófi í menntunarfræðum árið 2012, öllu frá Háskóla Íslands. Rannsóknarsvið Kolbrúnar eru frístundaheimili, formlegt og óformlegt nám, siðfræði og fagmennska, og samstarf í skóla- og frístundastarfi.

Efnisorð

þroskaþjálfarafræði – margbreytileiki – börn – tómstundir – fötlun – þátttaka

About the authors

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg (ruth@hi.is) is a social educator and also a teacher at the department for sport-, leisure and social education at the University of Iceland. Ruth graduated with a BA-degree in social education from the University of education in Iceland in 2003. She graduated with a MA-degree in social education from the University of Iceland in 2015. She has been working as a social educator since 2003. From 2006 she has been working at Akranes municipality in Iceland, both in the compulsory school system and in the field of leisure. Her focus in work has been social competence, selfdetermination, participation, human rights and leisure education. The last years she has been concentrating on developing inclusive leisure programs.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir (kolbrunp@hi.is) is assistant professor in Leisure and youth studies at the University of Iceland. She earned a BA-degree in philosophy in 1997 and a master's degree in education in 2001, both from the University of Iceland. Kolbrún defended her Ph.D. thesis in education at the

Þátttökurannsókn á tómstundastarfi: Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi

University of Iceland in 2012. Her research interests include leisure-time pedagogy, ethics and professionalism, and the relation between formal and informal learning.

Key words

*social education – inclusion – children – leisure
– disability – participation*



Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2015).
Þátttökurannsókn í tómstundastarfi: Leiðir til að skapa samvinnu- og námsferli í margbreytilegum barnahópi.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2015 – Hlutverk og menntun þroskaþjálfa.
Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2015/hlutverk_og_menntun_throskathjalfa/005.pdf